

## Kvennalistinn og Samfylkingin

### Spennandi tímar framundan

Á undanförunum fjórum til fimm árum jafa kvennalistakonur margoft rætt baráttuaðferðir sínar, framboðsmál og fleira. Aðalsmerki kvennalistakvenna er að hafa alltaf verið tilbúna til að endurskoða og endurmeta hlutina út frá nýjum forsendum. Í upphafi kom Kvennalistinn eins og stormsveipur inn í íslensk stjórnsmál og hristi rækilega upp í allri pólitískri umræðu.

Hugmyndirnar voru byltingarkenndar og ógnandi fyrir karlveldisþjóðfélagið en í seinni tíð er líkt og samfélagið hafi farið að líta á Kvennalistann sem hluta af flokkakerfinu. Kvennalistinn á án efa mestan og stærstan þátt í því að brautin hefur verið rudd svo kominn er farvegur fyrir konur bæði í pólitík og til ýmissa annarra starfa á öllum sviðum. Nú eru konur óhræddar við að segja að þær vilji völd og áhrif. Að þær vilji vera þar sem þær geta haft áhrif á þróun mála og mótað umhverfi sitt.

Þannig má segja að Kvennalistinn hafi tekið stórt skref árið 1994, þegar ákveðið var að nýta sögulegt tækifæri og bjóða fram með þeim flokkum sem fram að þeim tíma höfðu myndað minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Þátttaka Kvennalistans í því samstarfi og seta Ingibjargar Sólrúnar í stóli borgarstjóra hefur tryggt að kvennapólitíkin okkar hefur komist til framkvæmda á mörgum sviðum. Þar má nefna markvisst jafnréttisstarf sem vakið hefur mikla athygli, aðgerðir í atvinnumálum kvenna t.d. svokallað Brautargengisverkefni og Lánatryggingasjóð kvenna, hæfar konur hafa verið ráðnar í æðstu stöður innan borgarkerfisins ofl. ofl. Mörg gömul baráttumál Kvennalistans hafa verið tekin föstum tókum og þar ber auðvitað hæst sú mikla breyting sem orðið hefur í dagvistarmálum á stuttum tíma.

## Kvennalistinn og Samfylkingin

1163 1999

Og nú vorið 1999, hefur Kvennalistinn sýnt þann kjark að taka það stóra skref að bjóða fram með þeim flokkum sem hafa verið kenndir við jöfnuð og félagshyggju. Kvennalistakonur hafa lagt hönd á plóg við gerð stefnuskrár og þar er að finna mikið af okkar baráttumálum og má segja að jafnréttishugsun sé líkt og rauður þráður í allri stefnuskránni. Það eru því spennandi tímar framundan þar sem við erum staddar sem gerendur í miðju sögulegu breytingaskeiði í samskiptum karla og kvenna. Við erum að upplifa umskipti í völdum og gildismati og erum smám saman að vinda ofan af hugmyndum sem gengið hefur verið út frá sem gefnum. Þessi ný viðmiðunarramma gerir ráð fyrir samstarfi kvenna og karla sem hingað til hafa starfað í ólíkum hreyfingum. Það er okkar, í samvinnu við félagið okkar í Samfylkingunni, að varðveita þann ávinning sem náðst hefur og stefna að nýjum landvinningum. Það er kominn tími til að þróa nýja hugsun og nýja sýn á samfélagið. Enn er þörf fyrir gagnrýna umræðu um stöðu kvenna þó eflaust megi gera ráð fyrir að sú umræða verði á nokkuð öðrum nótum en hingað til. Það er okkar að taka frumkvæði og verða leiðandi í samstarfi karla og kvenna inn í nýja öld.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

**Kosningaskrifstofa Samfylkingarinnar í Reykjavík**  
Kosningaskrifstofa Samfylkingarinnar í Reykjavík  
verður opnuð fimmtudaginn 25. mars næstkomandi  
að Ármúla 23.

Mætum allar!